

L Ö G

70

27. júní

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

Varamaður kemur í stað aðalmanns, ef hann getur ekki sinnt störfum um stundarsakir. Fari annar hvor þeirra úr sóknarnefnd eða safnaðarstjórn, er hann um leið úr kirkjugarðsstjórn, og skal þá kosið í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

71

27. júní

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 3. gr. laganna bætist: Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.

2. gr.

a. Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.

- 71 b. Aftan við sömu lagagr. bætist:
27. júní Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.

3. gr.

- a. Byrjun síðustu málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:
Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda.
- b. Við sömu lagagr. bætist ný málsgr.:
Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

72

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1.—4. gr. laganna falli úr gildi frá 1. júní 1942.

2. gr.

Síðari hluti annarrar málsgr. 7. gr. laganna orðist svo: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömuleiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 9. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi:

Kirkjugjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

Á næsta ári eftir að lög þessi öðlast gildi skal jafnframt innheimta hálftrúarsgjald fyrir þann helming fardagaársins, sem liðinn er.